



Óþægilegar staðreyndir um varnarmálafrumvarp utanríkisráðherra

Peningarnir: Vissir þú að...

... á þessu ári á að setja meira en 1500 milljónir í „varnarmál“?

... fyrir sama pening væri hægt að veita 1500 börnum leikskólaláss eða fjármagna 3 nýja framhaldsskóla?

... að þá er ekki meðtalin kostnaðurinn við heræfingar hér á landi, sem allar verða á kostnað íslensku þjóðarinnar, og kostuðu síðast 150.000 kr. á hvern hermenn?



Hernaðurinn: Vissir þú að...

... Ísland mun veita aðstoð sem er „hernaðarlegs eðlis“ samkvæmt frumvarpinu?

... Ísland á í fyrsta skipti í sögunni að taka fullan þátt í hernaðarstarfi NATO, þar á meðal starfinu í herstjórnarmiðstöðvum bandalagsins?

... utanríkisráðherra hefur í raun alræðisvald því hann getur vikið málsmeðferðarreglum frá „ef brýnir varnarhagsmunir krefjast“ án þess að það sé skilgreint nánar?





„Varnirnar“: Vissir þú að...

... það hefur ekki verið kannað hver varnarpörf Íslands er, þ.e. hvort okkur stafi ógn af öðru ríki?

... allt þetta er gert í því skyni að „verja“ okkur á friðartímum – ef ófriðlega horfir kemur Bandaríkjaher hvort sem er?

... þegar hryðjuverkahótanir hafa komið upp hér á landi hefur alltaf verið talað við lögregluna, en aldrei við hernaðaryfirvöld?



Leyndin: Vissir þú að...

... Varnarmálastofnun á m.a. að „annast úrvinnslu upplýsinga“ frá NATO, og mun því virka sem einskona leyningjónusta?

... utanríkisráðherra er einráð um bæði mótun og framkvæmd stefnu Íslands í varnarmálum, og hefur ekkert lýðræðislegt aðhald frá Alþingi.

... starfsmenn stofnunarinnar þurfa að fá sérstaka „öryggisvottun“ frá NATO og þeim má refsa með allt að 5 ára fangelsi ef þeir rjúfa þagnarskyldu.



Smáa lettrið:

Varnarmálafrumvarpið er lagafrumvarp frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra, sem nú liggur fyrir til samþykktar á Alþingi. Þingmenn allra flokka nema Vinstri-grænna hafa lýst ánægju sinni með frumvarpið og að öllu óbreyttu má búast við að það verði að lögum í vor.



UVG

UNG VINSTRI GRÆN

